


Upplýsingaréttur hins skráða Leiðbeiningar til yfirvalda vegna skráningar fingrafara fyrir Eurodac

Umsækjendum um alþjóðlega vernd og farandfólki er skylt að sæta skráningu fingrafara á ytri landamærum. Við skráningu fingrafara á viðkomandi einstaklingur rétt á fræðslu um hver er að vinna persónu-upplýsingar um hann og í hvaða skyni. Hann á rétt á að vita hvaða persónuupplýsingar eru skráðar og hversu lengi þær eru geymdar. Hann á einnig rétt á að vera upplýstur um hvernig hann getur nálgast upplýsingarnar, fengið þær leiðréttar og eftir atvikum látið eyða þeim, sé tilefni til og hvert skuli snúa sér í slíkum tilfellum.

Í framkvæmd getur það verið nokkur áskorun að veita allar þær upplýsingar sem um ræðir á sama tíma og fingraför eru skráð. Afleiðing þessa er sú að einstaklingar eru ekki í öllum tilfellum nægjanlega upplýstir um hvers vegna fingraför eru skráð og hvað verður um þau að skráningu lokinni.

Þessum bæklingi er ætlað að leiðbeina lögreglumönnum og öðrum handhöfum opinbers valds um hvernig best sé að fræða umsækjendur og farandfólk um alþjóðlega vernd á skýran og skilmerkilegan hátt um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram í Eurodac gagnagrunninum.

Evrópskt regluverk er lýtur að réttindum hins skráða vegna vinnslu lífkennaupplýsinga í Eurodac



Hvað er Eurodac?

Eurodac stendur fyrir *European Asylum Dactyloscopy*. Kerfið vistar, vinnur og ber saman fingraför umsækjenda um alþjóðlega vernd annars vegar og farandfólks hins vegar. Kerfið gerir kleift að ákvarða hvaða ríki það er sem vinna skal úr umsókn um vernd.

Gert er ráð fyrir því að síðar muni, auk fingrafara, vera skráð í kerfið nöfn, andlitsmyndir og aðrar persónuupplýsingar.

Vinna Evrópustofnunar grundvallarmannréttinda (FRA) með umsækjendum um alþjóðlega vernd hefur leitt í ljós að fræðsla kemst best til skila:

- Þegar hún er veitt bæði skriflega og munnlega.
- Þegar túlkur er viðstaddur eða auðfánlegur til að svara spurningum.
- Þegar afhent er afrit af skráðum persónuupplýsingum. Slíkt hjálpar hinum skráða að nýta sér réttindi sín til aðgangs, leiðréttingar og eftir atvikum eyðingar.

Hvernig skal veita fræðslu?

Veita skal upplýsingar:

- Á sama tíma og fingraför eru skráð.
- Á skýran, skiljanlegan og aðgengilegan hátt.
- Ritaðar á skýru og aðgengilegu máli ef um bæklinga er að ræða, auk þess sem aðlaga þarf slíkar upplýsingar fyrir börn og aðra viðkvæma hópa.
- Munnlega ef þörf krefur.
- Á tungumáli sem hinn skráði skilur.

Heimildir: 29. gr. Eurodac-reglugerðarinnar (ESB) 603/2013, 12. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsta miðlun slíkra upplýsinga (almenna persónuverndarreglugerðin).

Hvað getur þú gert?

- Gert bækling Evrópusambandsins, [European Commission's standard leaflet on the Dublin procedure](#), aðgengilegan á þeim tungumálum sem hinir skráðu skilja.
- Útbúið auðskiljanlegt fræðsluefni, svo sem bæklinga, myndbönd eða veggspjöld.
- Gert upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga aðgengilegar á vefsíðu stofnunar þinnar.
- Ítrekað veitta fræðslu, t.d. með fyrirlestrum þar sem hópar hinna skráðu koma saman.
- Komið mikilvægum upplýsingum munnlega til skila. Hér er t.d. átt við upplýsingar sem merktar eru með 📣 tákni í þessum bæklingi.



Hvaða upplýsingar á að gefa?

 skriflegar upplýsingar

 munnlegar upplýsingar

Skylt er að veita eftirfarandi fræðslu:



Upplýsið að öllum umsækjendum um alþjóðlega vernd og farandfólki sé skylt að undirgangast skráningu fingrafara

Þetta á við um alla 14 ára og eldri. Fingraförin eru skráð í EURODAC.



Útskýrið hvað er skráð

10 fingraför, kyn, ríkið sem tekur fingraförin, staður og dagsetning umsóknar um alþjóðlega vernd (þar sem við á). Engar aðrar persónu-upplýsingar eru skráðar í Eurodac. Ef aðrar persónuupplýsingar eru skráðar til notkunar innanlands, s.s. nafn eða aldur, skal upplýsa hinn skráða um mikilvægi þess að gefa réttar og nákvæmar upplýsingar.



Upplýsið um að fingraför séu geymd í 10 ár

ef um er að ræða umsækjanda um alþjóðlega vernd en í 18 mánuði ef um er að ræða farandfólk. Eftir þann tíma er gögnum eytt með sjálfvirkum hætti.



Fræðið um að þar til bær yfirvöld á sviði útlendingamála hafi aðgang að gögnunum



Fræðið um af hverju fingraför eru skráð

Dæmi: „Við skráum fingraförin þín svo hægt sé að kanna hvaða land ber ábyrgð á að taka ákvörðun um rétt þinn til veru á Schengen-svæðinu. Ef þú færir þig til annars Schengen-lands án leyfis, átt þú á hættu að verða send/-ur aftur til þess lands sem þú varst fyrst skráð/-ur í.“



Veitið fræðslu um að lögreglu yfirvöld og Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Europol) geti einungis fengið aðgang að gögnunum undir sérstökum kringumstæðum

Þær aðstæður takmarkast við rannsókn og forvarnir gegn hryðjuverkum og öðrum mjög alvarlegum afbrotum. Áréttið að upprunaland viðkomandi fái ekki aðgang.



Gefið upplýsingar um rétt hins skráða:

— Til aðgangs, til að fá afrit af skráðum gögnum og til að fá rangar upplýsingar leiðréttar eða láta eyða þeim.

Upplýsið um ferli slíkra beiðna:

Hvert eigi að senda beiðni, hvernig hún skuli sett fram og áætlaðan afgreiðslutíma beiðinnar.

— Til að kvarta til Persónuverndar.


Fræðið um ferli kvartana:

Gefið upplýsingar um hvernig hægt er að setja sig í samband við Persónuvernd, ef viðkomandi telur á sér brotið.

↘ Börn

Réttindi barna og fullorðinna eru þau sömu en börn geta þó verið í sérstaklega viðkvæmri stöðu og þurfa því sérstaka athygli. Einungis er leyfilegt að skrá í Eurodac fingraför barna 14 ára og eldri. Börn yngri en 18 ára eiga rétt á því að fá fræðslu sem er sett fram á barnvænan hátt. Sá sem tekur fingraför ætti að:

- Brosa, vera vinalegur, kurteis, sýna áhuga og samkennd.
- Haga framkomu og málfari í samræmi við aldur og þroska barns.
- Tala skýrt og sjá til þess að barnið heyrir vel það sem sagt er.
- Nota myndskýringar, svo sem barnvæn myndbönd og bæklinga.
- Sannreyna að barnið hafi skilið þær upplýsingar sem gefnar hafa verið.
- Sjá til þess að foreldri, forráðamaður eða annar aðili sem barnið treystir sé viðstaddur.



Einstaklingur neitar eða getur ekki gefið fingraför

Umsækjendum um alþjóðlega vernd og farandfólki með líkamlega fötlun kann að reynast ómögulegt að gefa fingraför. Aðrir kunna hreinlega að hafna því að fingraför verði skráð. Í þeim tilvikum sem viðkomandi neitar að verða við kröfum um skráningu fingrafara er mögulegt að ítrekuð upplýsingagjöf og vönduð ráðgjöf geti hjálpað til við að koma í veg fyrir þörf á þvingandi úrræðum. Í þessu samhengi getur verið gott að líta til eftirfarandi upplýsinga: [FRA Fundamental rights implications of the obligation to provide fingerprints for Eurodac.](#)

Heimildir

- Reglugerð (ESB) 603/2013 frá 26. júní 2013 on establishment of Eurodac (recast) OJ 2013 L 180/1 (Eurodac reglugerðin).
- Reglugerð (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 on the protection of natural persons with regard to the processing of personal data on the free movement of such data, and repealing Directive 95/46/EC OJ 2016 L 119/71 (Almenna persónuverndarreglugerðin).
- Reglugerð (ESB) 118/2014 frá 30. janúar 2014 amending Regulation No 1560/2003 laying down detailed rules for the application of Council Regulation (EC) No 343/2003 establishing the criteria and mechanisms for determining the Member State responsible for examining an asylum application lodged in one of the Member States by a third-country national, OJ 2014 L 39/1, Annexes X to XII. (Commission Information Leaflets on Eurodac)
- FRA- EDPS-CoE-ECTHR (2018), Handbook on European Data Protection Law, 2018 edition.
- FRA (2015), Fundamental rights implications of the obligation to provide fingerprints for Eurodac.
- Commission Staff Working Document on Implementation of the Eurodac Regulation as regards the obligation to take fingerprints, SWD(2015) 150 final, Brussels, 27.5.2015.

FRA – EUROPEAN UNION AGENCY FOR FUNDAMENTAL RIGHTS

fra.europa.eu

facebook.com/fundamentalrights

twitter.com/EURightsAgency

linkedin.com/company/eu-fundamental-rights-agency

© European Union Agency for Fundamental Rights, 2021

Luxembourg: Publications Office of the European Union, 2021

Printed by Imprimerie Bietlot in Belgium

Print ISBN 978-92-9461-403-2 doi:10.2811/168031 TK-03-19-638-IS-C

PDF ISBN 978-92-9461-364-6 doi:10.2811/618953 TK-03-19-638-IS-N

Sumir hlutar tákmynda eru frá: © iStock.com/Marvid; © iStock.com/vasabii;

© iStock.com/da-vooda

Þetta skjal var þýtt úr ensku (Right to information — Guide for authorities when taking fingerprints for EURODAC) af Persónuvernd. FRA ber ekki ábyrgð á þessari þýðingu.



Publications Office
of the European Union